

Setning

*Pórir Ingason
Vegagerðinni*

Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar er nú er haldin í 6. sinn.

Skráðir þátttakendur eru um 150 talsins. Þátttakendur koma meðal annars frá Vegagerðinni, sveitarfélögum, ráðgjafastofum, rannsóknastofnunum, malbikunarstöðvum og skólum en eins og stundum áður er þess saknað að ekki er mikil þátttaka frá verkötukum. Ef til vill hafa fyrirlestrar ráðstefnunnar ekki höfðað til þeirra þó rétt sé að benda á að það er bæði hollt og gott að sjá málefni frá víðu sjónarhorni og fá upplýsingar um hluti sem eru ekki endilega nátengdir því sem menn eru að fást við daglega. Einnig má endurtaka það sem sagt var við setningu ráðstefnunnar í fyrra, að þó að nauðsynlegt sé að þeir sem standa að rannsóknastarfi kynni sínar niðurstöður og upplýsi um þær sem víðast, hvílir líka ákveðin skylda á þeim sem eru að vinna í geiranum, að fylgjast með. Vonandi fá því þátttakendur einhverjar upplýsingar til að móða úr, í þeim erindum sem haldin verða á ráðstefnunni.

Á ráðstefnunni fyrir ári síðan flutti Hreinn Haraldsson erindi um rannsóknastefnu Vegagerðarinnar og greindi þá m.a. frá því að stofnaðir yrðu faghópar sem yrðu til ráðgjafar um hina fjóra megin rannsóknarflokka, sem rannsóknaverkefnum er skipt í. Þessir faghópar hafa verið stofnaðir, skipaðir fólki innan Vegagerðarinnar, en einnig er gert er ráð fyrir að aðilum utan Vg verði boðið að sitja ákveðna fundi. Nú eru faghóparnir að vinna að því að koma með áherslusvið innan síns flokks fyrir næsta ár. Þegar auglýst verður eftir umsóknum í upphafi næsta árs verður upplýst um þessi áherslusvið. Einnig verður tekið tillit til þeirra við úthlutun rannsóknarfjár á næsta ári. Rétt er þó að taka fram að áfram verða töluverðar fjárveitingar í verkefni sem ekki heyra beint undir áherslusviðin sem kynnt verða.

Annað atriði sem nefnt hefur verið við setningu ráðstefnunnar undanfarin ár, er tillögur um hækkun á framlagi til rannsóknastarfs Vegagerðarinnar úr 1% í 1,5% af mörkuðum tekjum til vegamála. Nú er búið að samþykkja ný vegalög, sem taka gildi um næstu áramót, þar sem þessi hækkun er komin inn. Hún verður þó ekki virk fyrr en eftir næstu endurskoðun á vegaáætlun líklega frá og með 2009. Þetta er jákvætt, einkum m.t.t. að undanfarið hafa umsóknir verið fyrir meira en tvöfaldri þeirri upphæð sem til ráðstöfunar er og því hefur þurft að hafna góðum verkefnum eða skera þau niður.

Á ráðstefnunni þetta árið verða haldin 20 erindi um rannsóknaverkefni sem hafa verið í gangi á þessu og síðasta ári. Auk þess fjallar Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, um efnið “mannvirki og loftslagsbreytingar”, efni sem er ofarlega á baugi um þessar mundir. Það var ánægjulegt, en jafnframt erfitt fyrir forsvarsmenn rannsóknastarfsins, að það voru mun fleiri sem sýndu áhuga á að halda erindi á ráðstefnunni en pláss var fyrir og því þurfti að velja úr. Eins og sjá má á dagskránni flokkast flest erindin undir “Umhverfi og samfélag”. Einhverjum kann að

finnast að það sé ekki “nógu mikil vegagerð í því”, en þetta eru verkefni sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt og hafa öll einhverja tengingu við vegagerð.

Í möppunum sem afhentar eru, má finna ágríp erindanna. Ágripin eru prentuð í svart hvítu, en bent er á að þau verður líka að finna á vef Vegagerðarinnar í lit, fyrir þá sem vilja skoða þau nánar. Jafnframt er gert ráð fyrir að glærur sem fyrirlesarar nota verði settar inn á vefinn.

Nokkur veggspjöld með upplýsingum um verkefni sem styrkt hafa verið, hanga uppi framan við ráðstefnusalinn. Þau verður einnig hægt að finna á vef Vegagerðarinnar eftir ráðstefnuna.

Birgir Guðmundsson, svæðisstjóri á Norðaustursvæði Vegagerðarinnar og Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vg, stýra ráðstefnunni.

Slóðin á vef Vegagerðarinnar þar sem upplýsingar verður að finna eftir ráðstefnuna er:

www.vegagerdin.is